

105

26. ágúst

AUGLÝSING

um bann við heyflutningum um landið, vegna borgfirzku sauðfjárveikinnar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 12. maí 1937, um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar er bannað að flytja hey af svæði því, sem nær frá Héraðsvötnum vestur um land að varnargirðingu frá Bitrufirði í Gilsfjörð og þaðan suður og austur að Þjórsá, til landshluta utan þessa svæðis. Innan þessa svæðis er ennfremur bannað að flytja hey 1) austur yfir Blöndu, 2) austur yfir línuna Brúará—Hvítá—Ölfusá, 3) vestur yfir varnargirðingu á Snæfellsnesi og 4) norður yfir varnargirðingu milli Hrútafjarðar og Hvammsfjarðar.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum og skal með mál út af þeim fara sem almenn lögreglumál.

Jafnframt því sem þannig er bannaður allur heyflutningur af framan tilteknu svæði vestan Blöndu norðanlands og Brúará—Hvítá—Ölfusár sunnanlands yfir í aðra landshluta er hlutaðeigendum á þessu svæði bent á það til leiðbeiningar, að rétt er að varast heyflutninga úr sýktum og grunuðum sveitum í sveitir innan svæðisins, þar sem sýkinnar hefir ekki orðið vart, nema þá til fóðurs handa stórgripum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1937.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

106

27. ágúst

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að **mandatum** af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. ágúst 1937. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1926 með kr. 716.45, sem allmargir skagfirzkir vinir Jónasar læknis Kristjánssonar á Sauðárkróki og konu hans, Hansínu Benediktsdóttur, færðu þeim að gjöf, þá er þau hurfu frá því ráði að flytja burtu úr Skagafirði til Vestmannaeyja, er læknirinn átti kost á að fá veitt Vestmannaeyjalæknishérað. Sjóðurinn er geymdur í Sparisjóði Sauðárkróks í sparisjóðsbók nr. 1921 og var í ársbyrjun 1937 kr. 1249.46.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks og skulu vextirnir lagðir við höfuðstólinn, auk annara innlaga, sem sjóðnum kunna að áskotnast, unz honum er varið samkvæmt tilgangi hans.

4. gr.

106

27. ágúst

Sjóðnum skal varið til að koma á fót gamalmennahæli í Skagafirði, þegar hann er orðinn nógu stór til þess að dómi stjórnenda hans. Skal hælínu, ef við verður komið, vera fenginn staður í nánd við jarðhita, svo að hans verði not til upphitunar þess og annars, er með þarf á hælínu. Jafnframt skal og séð fyrir nægilegu landi til garðyrkju á hitasvæðinu við hælið. Er ætlast til þess, að gamalmenni þau, sem dvelja á hælínu og fær eru til þess, annist garðyrkjustörf.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn presta Skagafjarðarprófastsdæmis svo og hælið, þegar því hefir verið komið á fót, enda ráða þeir alla starfsmenn hælisins. Er þess vænst, að þeir leitist við að afla sjóðnum tekna á þann hátt, sem hentast þykir á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu og úrskurðaðir af sýslunefndinni.

6. gr.

Hætti þjóðkirkja Íslands að starfa, skal sjóðnum (hælínu) stjórnað af þeim félagslegu samtökum í Skagafirði, sem vinna fremur öðrum að mannúðarmálum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 10. apríl 1937.

Jónas Kristjánsson.

Hansína Benediktsdóttir.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

107

1. sept.

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla er eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila.

Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum deildanna.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins, og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.